



Menningarstefna
Stykkishólmsbæjar
2019 – 2022



STYKKISHÓLMSBÆR





MENNINGARSTEFNA STYKKISHÓLMSBÆJAR

Markmið menningarstefnu er að leggja rækt við og styðja menningarlega vitund íbúa og þar með innviði samfélagsins. Menning er samsafn þeirra þátta sem einkenna hvert samfélag. Menning er hugarfar samfélagsins sem birtist í margs konar starfsemi. Ef íbúum er gert auðvelt að upplifa starfsemina og taka þátt í henni mun menning þróast og vaxa. Í daglegu tali er fjallað um menningu sem huglæg verðmæti sem íbúarnir geta notið og mælt lífsgæði sín við. Hlutverk bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar er fyrst og fremst að skapa skilyrði fyrir nýsköpun á svæðinu og að gera íbúum kleift að koma ýmsum verkefnum, sköpun og hugmyndum í framkvæmd á sviði lista og menningarmála og hlúa að þeirri menningarstarfsemi sem fyrir er.

Með menningastefnu er jafnframt hugmyndin að vekja athygli á, og ýta undir, verðmætasköpun á sviði menningar sem endurspeglast meðal annars í auknum lífsgæðum og einstaklingum með trú á eigin getu og bætta sjálfsmynd. Í Stykkishólmi eru á menningarsviðinu mörg sóknarfæri sem geta haft umtalsverðan hagrænan ávinning og hvatt til aukinnar fjölbreytni og sveigjanleika í atvinnustarfsemi og mannlífi.

Lögð er áhersla á gott og almennt aðgengi að menningu og listum bæði fyrir njótendur og þátttakendur. Mikilvægt er að aðstaða verði góð fyrir fjölbreytta miðlun og fræðslu til að efla og styrkja menningarstarfsemi.

Meginmarkmið er að styðja við frumkvæði og sköpun og að unnið sé með menningararf í sveitarfélaginu.



1. MARKMIÐ

Í menningarstefnu Stykkishólmsbæjar er eftirtalið haft til grundvallar við mótun framtíðarsýnar fyrir sveitarfélagið.

- Fjölbreytni menningarlífsins verði viðhaldið og hún eflad með það að markmiði að allir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- Stuðla að sem fjölbreyttustu framboði á listviðburðum og menningarstarfi.
- Styðja við menningartengda ferðaþjónustu.
- Styrkja safna- og menningarstarfsemi.
- Gera safnkost aðgengilegan fyrir íbúa samfélagsins og þá gesti sem sækja það heim.
- Efla þjónustuhlutverk og menningarstarfsemi safnanna, fræðslustarf og almenn samskipti við aðrar menningarstofnanir.
- Hvetja til samstarfs innan samfélagsins á sviði menningarmála og efla samvinnu einstaklinga og stofnana.
- Styðja eftir föngum við starfsemi listamanna.
- Virkja drifkraft og þekkingu erlendra íbúa í sveitarfélaginu.
- Vinna að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál.
- Eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir á svæðinu.
- Sveitafélagið leggi sérstaka áherslu á að efla menningu barna og ungmenna og stuðli að því að þau séu virkir þátttakendur í menningarlífinu.
- Styrkja safna- og menningarstarfsemi í Stykkishólmi þannig að hún sé í fremstu röð og bjóði upp á fyrirmyndaraðstöðu.



2. LEIÐARLJÓÐS

- LeiðarljóÐs fyrir menningarstefnu eru samvinna, sérstaða, fræÐsla og miÐlun.
- Samvinna verÐi efld milli einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja, stofnana auk samstarfs við önnur sveitarfélög og samtök í menningartengdri ferÐapjónustu.
- Sérstaða Stykkishólmsbæjar og nágrennis verÐi dregin fram í helstu menningarþáttum (sjá kafla 4.)
- FræÐsla og miÐlun. Mikilvægt er að tengsl séu á milli skólastiga og að þar ríki fjölbreytni sem skapar Stykkishólmi sérstöðu á sviði fræÐslumála. Í bænum eru leikskóli og grunnskóli, sveitarfélagiÐ á hlutdeild í Fjölbautaskóla Snæfellinga, þar er tónlistarskóli og ýmsar rannsóknarstofnanir, sbr. Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Náttúrustofa Vesturlands. Söfn og setur í Stykkishólmi bjóða upp á mikla fjölbreytni sem er í sífeldri þróun.



3. STJÓRNSÝSLA MENNINGARMÁLA

- Unnið verði á faglegan hátt að því að efla menningarstarfsemi á svæðinu og ímynd Stykkishólms sem sögu- og menningarbæjar styrkt með því t.d. að gera raunhæfar starfs- og fjárhagsáætlanir.
- Hafa virkt eftirlit með áætlanagerð og meta árangur í samræmi við áætlanir og ársskýrslur.
- Vinna markvisst að því að endurnýja/uppfæra samþykktir og samninga um menningarstofnanir.
- Standa fyrir opinni umræðu um menningarmál.
- Efla samskipti stofnana, fyrirtækja og félaga á menningarsviði sem og samstarf við önnur sveitarfélög.

4. HELSTU MENNINGARÞÆTTIR

FÉLAGASAMTÖK

- Unnið verði að viðurkenningu á mikilvægi félagasamtaka í þróun samfélagsins. Stuðlað að samfélagslegri ábyrgð íbúa, samlíðan og borgaravitund, sem félagasamtök byggja tilvist sína á.

LISTA- OG MENNINGARSJÓÐUR STYKKISHÓLMS

- Verkefni sjóðsins er að styrkja lista- og menningarstarf í Stykkishólmi og hvetja til nýsköpunar á því sviði. Ennfremur að styðja við útgáfustarfsemi og viðburði er varða sögu, menningu og atvinnuhætti bæjarins og styðja við varðveislu menningarminja.

MATARMENNING

- Vegur matarmenningar í bænum verði aukinn og stutt við fjölbreytt framboð hráefnis til matargerðar. Sú þekking sem þegar er til staðar verði nýtt og hvatt til vöruþróunar og nýsköpunar. Auka veg „Matarkistu Breiðafjarðar“.

MINJA OG SÖGUVERNDUN

- Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjumunir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunirognytjahlutir, ljósmyndirogaðrar heimildirtengdarmenningarsögu.
- Tryggja þarf eftir föngum varðveislu, skráningu og nýtingu menningarminja.
- Beita sér fyrir kynningu og auðvelda aðgengi að minja og sögustöðum.

Örnefni

- Stuðlað verði að söfnun og skráningu örnefna í og við Stykkishólm og aðgengi almennings að þeim bætt (t.d. með notkun loftmynda).

Fornleifaskrá/fornminjar

- Fornminjar og sögustaðir verði mældir upp, merktir, og gerðir aðgengilegir eftir föngum.

Menningartengd ferðapjónusta

- Stutt verði við menningartengda ferðapjónustu.
- Leitast verði við að finna leiðir til að kynna menningarfinn í margbreytileika sínum og gera hann sýnilegri í ferðapjónustunni.

RITLIST OG BÓKMENNTIR

- Hvatt verði til nýsköpunar og hugað að því að efla áhuga ungs fólks og almennings á bókmenntum og hlúð að því sem fyrir er.
- Leitast verði við að efla samstarf milli allra skólastiga og bókasafna og styðja við útgáfu á ritverkum frá og um Stykkishólm.

SAFNASTARFSEMI

- Fagmennska á sviði safnamála verði eflid og einnig samvinna við stofnanir á sviði minjavörslu, utan sveitarfélagsins sem innan.
- Stutt verði við safna- og sýningarstarfsemi á svæðinu.
- Hvatt til samvinnu á sviði safnamála og áhersla lögð á miðlunarstarf safnanna.

SJÓNLISTIR

- Auka vægi, fjölbreytni og stöðu sjónlista.
- Stefnt verði að því að Stykkishólmur verði áhugaverður staður fyrir listamenn til lengri dvalar og búsetu.
- Vegur skapandi atvinnugreina verði eflidur.
- Hæfileikar sem búa meðal almennings fái að njóta sín.

Handverk, hönnun og myndlist

- Stykkishólmsbær styðji eins og kostur er við handverks-, hönnunar- og myndlistariðkun og -miðlun, meðal annars með því að leggja til húsnæði til sýninga.
- Auka skilning á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og myndlistar.

Byggingarlist og húsverndun

- Byggingarlist fyrr og nú er mikilvægur vitnisburður um samfélagið hverju sinni. Æskilegt er að efla þekkingu á byggingarlist á svæðinu, og sérkennum og þróun byggðar.
- Stefnt skal að því að yfirbragð byggðar verði á forsendum húsafriðunar. Stefnt skal að því að gera nýja húsakönnun þar sem fyrri húsakönnun er kominn til ára sinna og nær yfir mjög takmarkaða hluta bæjarins.
- Einnig þarf að skrá svæði og/eða samstæður húsa sem ber að varðveita vegna menningarsögulegs gildis þeirra.

SVIÐSLISTIR

Leiklist

- Leiklistarstarfsemi skal eflid eftir föngum og stuðlað að því að börn og unglingar kynnist leiklist, bæði sem áhorfendur og þátttakendur. Samvinna eflid milli allra skólastiga og leikhópa.
- Stutt verði við bakið á starfsemi leikfélaga og viðburðum tengdum leiklist.
- Stuðlað að samskiptum og samvinnu leiklistaráhugafólks í Stykkishólmi.

Kvikmyndalist

- Það svæði sem tilheyrir Stykkishólmi og nágrenni verði áfram vettvangur kvikmynda-gerðar og kvikmyndaframleiðslu. Ýtt verði undir að áhugamenn og skóli taki þátt í slíkum verkefnum.

Danslist

- Stutt verði við danskennslu allra aldurshópa.

Tónlist

- Lögð verði áhersla á fjölbreytt tónlistarstarf, stutt við starfsemi kóra, hljómsveita og tónlistarmanna eins og kostur er.
- Starfsemi Tónlistarskóla er hverju samfélagi mikilvæg. Áfram verði stutt við það starf í Stykkishólmi og hugað að eflingu þess.
- Hvatt verði til samstarfs utanaðkomandi einstaklinga, tónlistarskóla, lúðrasveita, listaháskóla og annarra stofnana til að efla tónlistarfræðslu og -starf í Stykkishólmi.
- Stykkishólmur verði miðstöð metnaðarfulls, skemmtilegs og gefandi tónlistarstarfs.

Viðburðamenning

- Stuðlað verði að fjölbreyttum menningarviðburðum með þarfir og hagsmuni íbúa Stykkishólms í huga.
- Þeir heimamenn sem standa að slíkum viðburðum fái hvatningu og stuðning. Einnig verði samvinna safna og ferðaþjónustuaðila á þessu sviði eflð.





LOKAORÐ

Menningarstefna er mikilvæg því fjölbreytni og fagmennska eru lykilatriði þegar kemur að því að efla menningu fyrir alla. Menningarlegur fjölbreytileiki styrkir samfélagið og hvetur til félagslegra samskipta.

Mikilvægt er að íbúar og gestir í Stykkishólmi njóti listsköpunar og kynnist menningararfinum. Skilningur á menningarsögu er mikilvægur hluti af sjálfmynd hvers og eins. Söfnun, skráning, varðveisla og miðlun á fróðleik um sérkenni og sögu Stykkishólms og nágrennis er nauðsynleg.

Stefnumótun í safna- og menningarmálum setur ramma fyrir sveitarfélagið um aðkomu þess að aðgerðum til eflingar lista og varðveislu og miðlun menningararfs. Nýta skal sóknarfæri í menningarstarfi um leið og hlúð er að þeirri starfsemi sem fyrir hendi er.

Í Stykkishólmi er fyrir hendi öflugt menningar- og listalíf. Sköpun og þátttaka íbúa og gesta er forsenda öflugrar starfsemi á sviði safna og menningarmála. Til þess þarf gott aðgengi að aðstöðu og samstarf einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja, skóla og stofnana auk samstarfs við önnur sveitarfélög og samvinnu hlutaðeigandi aðila.

Gróskumikið menningarlíf í Stykkishólmi kemur öllum til góða og styrkir ímynd bæjarins.

Endurskoðun og aðgerðaráætlun

Safna og menningarmálanefnd skal ár hvert taka menningarstefnu Stykkishólmsbæjar til umræðu með heimild til endurskoðunar þar sem verkefni verða sett fram í aðgerðaráætlun.

Staðfest í bærarstjórn 12. desember 2019
Jakob Björgvin Jakobsson bærarstjóri

